

## III. KAFLI.

## 10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, kr. 200,00 hverju sinni.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 733 30. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Selfoss.****I Heitt vatn.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 7,30 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 2 010,00 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 m<sup>3</sup>.

Ef vatnsmælir bílar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

**II Mælaleiga.**

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

1. Fyrir mæla eða hemla allt að  $\frac{3}{4}$ " ..... kr. 929,00
2. Fyrir mæla eða hemla frá 1"—2" ..... kr. 1 310,00

### III Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m<sup>3</sup>, kr. 18 860,00

400 til 2 000 m<sup>3</sup>, kr. 18 860,00 af 400 m<sup>3</sup> + kr. 15,90 á m<sup>3</sup> þar yfir að 2 000 m<sup>3</sup>.

2 000 m<sup>3</sup> kr. 44 300,00 + kr. 13,00 á m<sup>3</sup> þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 3 240,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

### IV Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 196,00

### V Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísan til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 734 30. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980,  
með síðari breytingum.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 539,00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 27,00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálf gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þáttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.